

Alþingi  
Erindi nr. P 125/586  
komudagur 20.12.99



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

## SÍMBRÉF

Dagur: 20. desember 1999

Síður: 2

Móttakandi:

Alþingi

Nefndasvið

Bréfsími 5630745

Sendandi:

Jón H Snorrason

Tilvísun: 99090085

Bréfsími: 5543865

**Efni:** Umsögn vegna þingskjals 289, 237 mál.

Meðfylgjandi sendist umsögn ríkislögreglustjórans varðandi ofangreint mál;

Athugasemdir ríkislögreglustjórans við frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu.

Breyting á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996.

Við 28. gr. lögreglulaga bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ríkislögreglustjóri skipar landamæraverði til fimra ára í senn, enda séu þeir íslenskir ríkisborgarar, hafi ekki hlotið dóm fyrir refsverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, séu andlega og líkamlega heilbrigðir og hafi lokið námi fyrir landamæraverði og staðist tilskilið próf. Landamæraverðir skulu hafa gott vald á íslensku, einu Norðurlandamáli auk ensku. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um nám landamæravarða og starfsstig landamæravarða.

Við 9. gr. bætist 9. töluliður, sem hljóðar svo:


Landamæraverðir við landamæravörslu fara með lögregluvald.

Um 10. gr.

Landamæraeftirlit á Keflavíkurflugvelli verður umfangsmeira með þátttöku í Schengen-samstarfinu þar sem allir farþegar á leið til og frá löndum sem eldri eru þátttakendur í Schengen-samstarfinu þurfa að seta vegabréfaskoðun. Landamæravarsla er mjög sérhæft starf og þarf að mennta starfsmenn með tilliti til þess. Nauðsynlegt er að gefa

þeim sem þessu starfi sinna lögregluvald og getur það gerst þótt starfsheiti þeirra sé ekki lögreglumáður líkt og gert er varðandi ýmsar aðrar séttir sem starfs síns vegna geta þurft að grípa til valdbeytingar.

Virðingarfyllst  
fh RLS

A handwritten signature in black ink, appearing to be 'G. J. Jónsson' or similar, written in a cursive style.